

Föstudaginn 1. júlí 1977.

Nr. 100/1977. Ákærvaldið

gegn

Karli Sævari Baldvinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Viðar Á. Ólsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Með kæru 25. f. m. hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Í sakadómi Keflavíkur hinn sama dag var Pétur Gautur Kristjánsson héraðsdómslögmaður skipaður verjandi varnaraðilja, meðan hann sætir gæsluvarðhaldi.

Gögn máls bárust Hæstarétti 27. f. m., en greinargerðir frá ríkissaksóknara og verjanda varnaraðilja 30. s. m. Krefst ríkissaksóknari þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Verjandi krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að kærumálskostnaður verði dæmdur úr ríkissjóði.

Meðal gagna máls eru tvær ákærur, dags. 26. október og 10. nóvember 1976, á hendur varnaraðilja. Er málum vegna þeirra ólokið. Í fyrra tilvikinu er varnaraðilja gefið að sök að hafa hinn 31. maí 1975 slegið lögreglumann með þeim afleiðingum, að nefbein, hægra kjálkabein svo og neðsti hluti sperrileggs hans brotnaði. Er brot talið varða við 218. gr. alm. hegningarlaga. Í síðara tilvikinu er varnaraðili ákærður fyrir að hafa hinn 31. janúar 1976 ráðist á stúlku, snúið upp á handleggi hennar, barið hana í andlitið og slegið hana niður. Er brot þetta talið varða við 217. gr. alm. hegningarlaga. Þá er honum gefið að sök að hafa þrívegis í maí og júní 1976 ekið bíl undir áhrifum áfengis.

Þá er til athugunar hjá ríkissaksóknara rannsókn út af ætlaðri líkamsárás varnaraðilja, og við sakadóm Keflavíkur

eru tvö slík mál til rannsóknar, eins og í hinum kærða úrskurði getur.

Í hinum kærða úrskurði eru greindar sakargiftir á hendur varnaraðilja. Þegar þær eru virtar og gögn máls, þykir ekki sýnt fram á, að rannsóknarnauðsynjar bjóði, að varnaraðili sé hnepptur í gæsluvarðhald, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Gögn máls benda að vísu til, að varnaraðili sé árásar-gjarn, þegar hann er með vini, en eigi þykir þó alveg næg ástæða til að beita hann gæsluvarðhaldi samkvæmt 5. eða 6. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974. Ber samkvæmt þessu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 24. júní 1977.

Í dag hafa farið fram í sakadómi yfirheyrslur yfir Karli Sævari Baldvinssyni, Hringbraut 59, Keflavík, vegna afskipta, sem lög-reglumenn í Keflavík urðu að hafa af honum hinn 26. og 27. maí sl. Í skýrslum lögreglunnar er hann sagður hafa ausið ýms-um svívirðingum yfir lögreglumennina, sem höfðu af honum af-skipti vegna kvartana nágranna Karls Sævars og eins vegna óska Hafrúnar Albertsdóttur. Er Karl Sævar og sagður hafa ógnað lögreglumanni í orðum. Hefur Karl Sævar borið fyrir sig, að hann minnst lítt slíkra orðaskipta.

Þá hefur hann og verið yfirheyrður vegna kæru um, að hann hafi í gærkvöldi ógnað unglingnum Michael Woods með hnífi fyrir utan húsið að Hringbraut 59, Keflavík. Í vitnaskýrslum hjá lögreglu er Karl Sævar sagður hafa otað hnífnum að hálsi Michael Woods. Við yfirheyrslu í sakadómi hefur Karl Sævar hins vegar borið, að hann hafi einungis verið að sýna nefndum Michael hnífinn. Þá segir og í skýrslu um atburðinn, að Karl Sævar hafi viðhaft óviðurkvæmilegt orðbragð við lögreglumenn-ina og um fulltrúa bæjarfógeta. Ekki kvaðst Karl Sævar minnst orða sinna.

Í sakadómi Keflavíkur eru nú til meðferðar tvö mál á hendur nefndum Karli Sævari fyrir ætlaðar líkamsárásir. Hjá embætti ríkissaksóknara er til fyrirsagnar mál vegna ætlaðrar líkams-

árásar Karls Sævars, þar sem hann er sagður hafa rist fyrir á enni manns með hnífi. Auk þess hefur lögregla alloft þurft að hafa afskipti af Karli Sævari vegna ölvunar hans og óspekta.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og gögnum þeim, sem iðgð hafa verið fram í sakadómi í dag, má ætla, að Karl Sævar hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Verður og að ætla, að hann geti verið hættulegur umhverfi sínu, en mál hans þarfnast mun frekari rannsóknar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með vísan til 1., 5. og 6. töluliðs 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir nauðsyn til bera að úrskurða Karl Sævar Baldvinsson í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru úrskurði þessum eigi til fyrirstöðu.

Því úrskurðast:

Karl Sævar Baldvinsson sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Föstudaginn 1. júlí 1977.

Nr. 18/1976. Sjóli h/f

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Söllu Sigmarsdóttur persónulega
og f. h. ófjárráða dætra hennar,
Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson,
Sævari Þór Carlsson og
Lilju Jakobsdóttur f. h. ófjárráða
dóttur hennar, Drífu Leonsdóttur,
og gagnsök

(Haukur Jónsson hrl.).

Skaðabótamál. Dánarbætur. Sjóveðréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.